

Sólveig Pétursdóttir,
formaður Allsherjarnefndar,
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 120/321
komudagur 6/12 1995

Reykjavík, 22. nóvember 1995

Efni: Frumvarp til laga um mannanöfn.

Kæra Sólveig,

Um leið og ég fagna því frumvarpi til laga um mannanöfn sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi langar mig til að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpið og þá ekki síður nágildandi lög. Til að varpa ljósi á hvernig lagabókstafurinn virkar í raun neyðist ég til að taka dæmi sem snúa að mér og fjölskyldu minni. Sú greinargerð kann að þykja óformleg og biðst ég afsökunar á því. Staðreyndin er hins vegar sú að hér er um mjög persónuleg mál að ræða og því edlilegt að umfjöllunin beri þess merki. Einnig mun ég benda á nokkur atriði sem ég tel fela í sér brot á mannréttindum samferðamanna minna þó þau ákvæði snerti ekki mína hagsmuni beint.

Í stuttu máli er fjölskyldusaga mín þessi; Þegar faðir minn, John Aikman, fluttist hingað frá Skotlandi og gerðist íslenskur ríkisborgari var honum gert að taka sér íslenskt nafn. Faðir hans hét Andrew Aikman og því valdi pabbi, þá mjög ungur að árum, að bera nafnið Jón Karl Andrésson. Hefði hann óráð fyrir hversu miklum sársauka og tilfinningatogsteitu sú gjörð ylli hefði hann trúlega aldrei orðið þegn þessa lands. Afí minn tók þetta nær sér en nokkur orð fá lýst og leit æ síðan svo á að elsti sonur hans og frumburður hefði afneitað sér og fjölskyldunni og það er, eins og þið vafalaust vitið, óbærilegt fyrir stoltan, breskan "sjentilmann".

Það kostaði pabba minn síðan margra ára baráttu að fá að vera hann sjálfur - sonur pabba síns - John Aikman. Að lokum var fallist á að hann fengi að vera John Karl Aikman. Gott og vel.

Næstu árin þar á eftir urðum við systkinin svo að berjast fyrir að fá að vera börnin hans en ekki börn einhvers Jóns, sem meira að segja mamma kannaðist ekki við. Nú eru hins vegar á Íslandi þrjár kynslóðir sem bera þetta ættarnafn.

Þann 4. júlí 1994 kom svo dóttir mín í heiminn og það var af virðingu við baráttu föður míns - og minningu afa míns - sem við, foreldrar hennar, ákváðum að gefa henni nafnið Þórdís Þuríður Aikman. Það var hinsvegar af virðingu fyrir uppruna Andra, föður hennar og íslenskri mannanafnahefð sem ég vildi að hún fengi líka að kenna sig við föður sinn og vera Andradóttir.

Það er skemmst frá því að segja að þeirri beiðni var hafnað af Mannanafnanefnd þrátt fyrir að ég teldi þá nafngift innan ramma núgildandi laga og færði rök fyrir því (sjá fylgirit 3). Í kjölfarið ákváðum við að beygja okkur undir vald hins opinbera og fórum fram á breytingu á kenninafni dóttur okkar (sjá fylgirit 4). Í stað þess að vera Aikman Andradóttir þá kennir hún sig nú aðeins til móður sinnar og er þannig skráð í þjóðskrá; **Þórdís Þuríður Aikman**.

Nái það frumvarp, sem hér um ræðir, fram að ganga mun okkur hins vegar heimilt að virða íslenska mannanafnahefð um leið og við reynum að bæta fyrir þann sársauka sem af því hlaust er faðir minn og afi Þórdísar ákvað að gerast þegn þessa lands. Skal nú vikið að sjálfu frumvarpinu.

VEIT JESÚ KRISTUR AF ÞESSU?

Í 3. grein frumvarpsins segir m.a.;

"Sé eiginnafrn eða millinafrn sem barn á að hljóta ekki ámannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd ..."

Áður en Þórdísi var gefið nafn og hún skírð hafði ég samband við Biskupsstofu og innti þá eftir því hvort það væri ekki rétt skilið hjá mér að nafngift og skírn - það að taka barn í kristinna manna tölu - væri sitt hvað. Jú, þeir kváðu svo vera. Þá spurði ég hvort ekki væri í lagi að prestur tæki barnið í kristinn söfnuð - ég gæfi því síðan nafn - og ef það nafn stangaðist á við mannanafnalögin þá myndi ég há þá baráttu við hina opinberu valdhafa. Nei, þeir tjáðu mér að barn yrði ekki tekið í kristinna manna tölu nema undir fullu nafni og það nafn yrði að vera innan ramma laganna. Til að vera alveg viss spurði ég; "Ertu að segja mér að gefi ég barni mínu ekki nafn sem er hinum veraldlegu valdhöfum þóknanlegt þá neiti íslenska þjóðkirkjan að taka barnið í kristinna manna tölu?" - "Já" var svarið.

Ég varð orðlaus eitt andartak en spurði síðan; "Veit Jesú Kristur af þessu?" ---- Ef svo er, þá er búið að breyta texta Nýja Testamentisins ... því ég man að hann sagði; "Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki" ---- en ég minnst þess ekki að hann hafi bætt við; nema náttúrulega að þau heiti ljótum nöfnum, viðurstygglegum erlendum nöfnum o.s.frv. ---- Hér er eitthvað mikið að. Það getur ekki verið eðlilegt að andlegir leiðtogar þessa lands samþykki að vera gerðir að varðhundum hins veraldlega valds. Það getur heldur ekki talist eðlilegt að hinir veraldlegu valdhafar fari þess á leit.

FORDÓMAR Í FALLEGUM UMBÚÐUM

Í 3. mgr. 5. greinar frumvarpsins segir;

"Eiginnafrn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama."

Í fljótu bragði virðist þetta vera skiljanlegt og mannúðlegt ákvæði þar sem hagur "nafnbera" er hafður að leiðarljósi. Jafnvel væri hægt að færa rök fyrir því að hér væri um barnaverndarákvæði að ræða. Það liggur í augum uppi að nöfn á borð við Lofthæna og Almannagjá auka líkurnar á aðkasti og einelti. Það var ekki fyrr en ég hlýddi á mál Guðjóns Guðmundssonar þingmanns á Alþingi að ég setti spurningamerki við þessa málsgrein. Guðjón fór með langan lista af "ónefnum" í "pontu" og hreytti þeim út úr sér eins og til að undirstrika "ljótleika" þeirra. Hann fullyrti að þessi nöfn hlytu að vera nafnberum til mikilla ama. Meðal þessara forljótu nafna var nafnið "Inger". Sem "beri" þess nafns vil ég upplýsa að nafnið hefur ekki valdið mér neinum verulegum vandræðum á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá því séra Bjarni jós mig vatninu. Ég minnst reyndar brandara á borð við "kiss-inger" og "Inger Singer saumavél" - en hvorug skrytlan hefur valdið mér neinum sálarkvölum. Hins vegar minnst ég þess að Bolli, Börkur og Guðríður áttu stundum í vök að verjast á skólalóðinni í gamla daga. Það kæmi mér heldur ekki á óvart að Skúta Smiður Skíði gæti orðið fyrir svolitlu aðkasti; að ég tali nú ekki um Koðrán Kjallak Hrærek - en öll eru þessi nöfn góð og gild al-íslensk nöfn samkvæmt núgildandi lögum. Að öllu gamni slepptu, þá óttast ég að í fyrrnefndri málsgrein felist fordómar í dulargervi; ákvæðinu verði einungis beitt gegn fólki af erlendum uppruna og hafi ekkert með hag barna og eineltisáhættu að gera.

Í sálfræðinni flokkast það undir "göfgun" þegar fólk á erfitt með að horfast í augu við annarlegar hvatir að baki gjörðum sínum og finnur aðrar ásættanlegri skýringar á athæfi sínu eða athöfnum.

"LJÓTASTA SKÓFLA Í HEIMI"

Í stuttu máli þá tel ég að foreldrar gefi börnum sínum ekki "ónefni". Ef hinsvegar svo ólíklega vill til að barni er gefið nafn á borð við "Ljótasta Skófla í Heimi" --- þá eru barnaverndarlög í landinu og nokkuð ljóst að það er eitthvað mikið að á því heimili. Að öðru leyti tel ég að sé mér treyst til að elska, annast og gæta hagsmuna barns míns þá hljóti mér að vera treystandi til að gefa því nafn sem hvorki stefnir framtíð þess né sjálfstæði þjóðarinnar í hættu.

"LAUSALEIKSKRÓGAR"

Málum er nú þannig háttað að séu foreldrar barns ekki skráðir í sambúð við fæðingu þess er barnið sjálfkrafa kennt við móðurina og þannig skráð í Þjóðskrá. Til að fá þessu breytt verða foreldrar að fara til sýslumanns og faðirinn að "gangast við barninu" skriflega. Þó þetta atriði snerti mig ekki persónulega flinnst mér ástæða til að benda á að þarna kann réttur að vera brotinn á börnum. Í mörgum tilvikum ríkir lítil vinátta milli foreldra barns sem fæðist utan hjónabands eða sambúðar. Þar af leiðandi finnst mörgum konum erfitt að biðja barnsföður sinn um að "gera sér þann greiða" að gangast við barninu hjá sýslumanni ... og margir menn sjá ekki ástæðu til að "gera konum þann greiða". Þetta veldur því að börn sem fæðast utan hjónabands eru oft kennd við móður sína. Það eitt - að kenna sig til móður sinnar - er ekkert athugavert. Mönnum er það heimilt samkvæmt lögum. Hitt er annað mál, eins og Guðný Guðbjörnsdóttir hefur réttilega bent á, að fáir gera það nema "af illri nauðsyn". Reyndin er því sú að þeir sem kenna sig til móður eru þeir sem einhverra hluta vegna vilja alls ekki kenna sig við föður sinn - og svo hinir sem fæddir eru utan hjónabands. Að hjúskaparstaða foreldra komi fram í nafni barns telja margir mismunun - og mörgum einstæðum mæðrum finnst þetta niðurlægjandi. Þetta er atriði sem ég tel vert að skoða.

NAFNALEIGA RÍKISINS HF

Í 25. grein frumvarpsins er þess getið að gefi foreldrar barni sínu ekki nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess sé Hagstofu Íslands heimilt að leggja dagsektir á þá sem nemi allt að 1.000 krónum á dag allt þar til barninu er gefið nafn. Þessari grein er vafalítið ætlað að þrýsta á foreldra að gefa barni sínu nafn sem hið opinbera getur fallist á. Sú spurning hlýtur að vakna hvort hægt sé að "leigja" nafn af hinu opinbera - borga 30.000 krónur á mánuði og gefa barninu það nafn sem maður kys.

PETER MÁTTU HEITA - EN ALLS EKKI PETER

Í 22. grein frumvarpsins er þess getið að ekki sé unnt að skjóta úrskurðum mannanafnanefndar til æðra stjórnvalds. Í mínum huga er hér um hreint og klárt mannréttindabrot að ræða - sérstaklega íljósi þeirra dóma sem fallið hafa í umræddri nefnd. Á grundvelli sömu laga (frá 1991) hefur mannanafnanefnd leyft og hafnað sömu nöfnum sitt á hvað. Sem dæmi má nefna að nafninu "Kvaran" var hafnað 1993 en síðan leyft 1994. "Thorberg" var hafnað 1992 en leyft tveimur árum síðar. Lögin, sem þessi úrskurðir byggja á, höfðu hins vegar ekkert breyst svo það hlýtur að læðast að manni sá grunur að hér sé um geðþóttaákvarðanir að ræða. Það virðist því skipta höfuðmáli hvort þú fæðist á miðvikudegi eða fimmtudegi hvað þú mátt heita.

Broslegasta dæmið um þær ógöngur sem þessi ágæta nefnd er komin í er þó að finna í afstöðu hennar til karlmannsnafnsins **Peter**. Í febrúar 1992 komst nefndin nefnilega að því að kanadískur maður sem hét **Peter** skyldi hér eftir heita Pétur en á fundi (177/93) samþykkti sama nefnd að **Peter** af sænskum uppruna væri gjaldgengt nafn á Íslendingi.

ÆTTARNÖFN BARA FYRIR STRÁKA

Ein stærsta breytingin sem frumvarpið boðar er að hér eftir verði heimilt að gefa börnum svokölluð "millinöfn"; sem geta verið ættarnöfn. Þetta verður að teljast stórt framfaraskref enda hefur nú þegar skapast hefð fyrir þessum nöfnum; hefð sem fékk að þróast í trássi við þau lög sem í gildi voru fyrir 1991. Afi minn hét til að mynda Haraldur Ásgeirsson Sigurðsson öll sín 83 ár án þess að nokkur væri að fetta fingur út í það. Ágæt fyrrverandi þingkona kvennalista ber nafnið Anna Ólafsdóttir Björnsson - og enginn vænir hana um að vera ekki annt um íslenska tungu og menningu. Öll börn Þorsteins Pálssonar, dómsmálaráðherra eru Þorsteinsbörn Rafnar - og enn er þessi þjóð sjálfstæð. Það skal tekið fram að allir fyrrgreindir aðilar eru fæddir fyrir 1991 en þá var eftirlit með lögnum hert til muna. Engu að síður fæddist sólarhring á undan Þórdísi minni lítill, dásamlegur drengur sem gefið var nafnið Nói Snæholm Ólafsson. Það þótti ásættanlegt vegna þess að um dreng var að ræða. Millinafnið fær hann hinsvegar frá móður sinni Katrínu Snæholm.

Þá erum við komin að enn einum þætti nógildandi laga sem mismunar þegnum þessa lands. Drengir mega bera eiginnöfn sem eru í raun ættarnöfn - en stúlkur alls ekki. Þannig má drengur t.d. heita Hagalín, Bergmann, Rósinkrans, Sæberg, Rafnar, Bjarnar, Hjörvar, Hlíðar, Birnir, Thorberg, Kvaran og Kjaran - en allt eru þetta þekkt "ættarnöfn". Færð hafa verið rök fyrir því að nöfn þessi séu í edli sínu karlkyns og því megi stúlkur ekki bera þau. Ég er hinsvegar þeirrar skoðunar að Berg, Eldjárn og Hagalín heyri hvorugu kyni til. Eiginnafnið Skúta sem er gjaldgengt karlmannsnafn tel ég vera kvenkyns orð og Skíði sem einnig er "löglegt" nafn á dreng hef ég alltaf álitíð hvorugkyns orð. En það er nú önnur saga. Aðalatriðið er að hér er um kynjamismunun að ræða og mannanafnanefndin er komin í ógöngur með úrskurði sína. Ég vil taka það skýrt fram að ég áfelligt ekki nefndina sem slíka; lögin sem henni er gert að starfa eftir eru tóm bull (þið fyrirgefið). Ég myndi ekki treysta mér til að fella dóma út frá svo hæpnum forsendum.

SETJUMST NÚ VIÐ SAMA BORD

Mörg fleiri atriði mætti tína til varðandi nógildandi lög og frumvarpið sem nú hefur verið lagt fram. Til að mynda verður það að teljast vafasamt að banna öll ný ættarnöfn. "Allir skulu vera dóttir eða sonur nema afi þeirra hafi búið hérna og borið ættarnafn" - Treystir einhver sér í alvöru til að rökstyðja þetta á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna?

"Með lögum skal land byggja ... en með ólögum eyða" - segjum við gjarnan á hátíðarstundum - og nógildandi lög eru hrein og klár ólög. Þau fela í sér valdníðslu, fordóma og mismunun þegnanna eftir uppruna þeirra. Þau bera vott um minnimáttarkennd þjóðarinnar, hræðslu og virðingarleysi fyrir tilfinningum fólks ... því nafngiftir snúast nefnilega að mestu leyti um tilfinningar. Fyrst og síðast fela lögin þó í sér brot á mannréttindum og er mér kunnugt um að fulltrúar okkar á mannréttindaráðstefnum Sameinuðu Þjóðanna eigi í vök að verjast ár eftir ár vegna þessara laga.

TÆP 80% ÞJÓÐARINNAR VILJA MEIRA FRELSI

"Fjórðungi bregður til fósturs" segir í Njálu; "fjórðungi til föður, fjórðungi til móður og fjórðungi til nafns". Það er því engin tilviljun að við gefum börnum okkar nafn þeirra sem okkur eru kærastir. Ekki aðeins vottum við þeim þannig virðingu heldur er það beinlínis þjóðtrú að hið nýfædda barn fái þannig í vöggugjöf fjórðung þeirra eiginleika og mannkosta sem prýða eldri nafnberann.

Í athugasemdum með fyrrgreindu frumvarpi er þess getið að í skoðanakönnun sem Gallup á Íslandi gerði seinni hluta árs 1994 komi fram mikill vilji almennings til að breyta núgildandi lögum. Þar kemur fram að um 45% aðspurðra vildu aukið frjálstræði í nafngiftum og um 34% vildu algert frjálstræði. Samkvæmt þessu vilja tæp 80% þjóðarinnar að lögin verði rýmkuð verulega eða mönnum gefnar frjálssar hendur við val á nöfnum barna sinna. Nefndin sem að frumvarpinu vann lýsir yfir áhyggjum af þessu og telur varasamt að mönnum sé gefið fullt frelsi í þessum efnum; það bjóði heim hættunni á að ónefnum fjölgi. Ég hef hins vegar enn það mikla trú á löndum mínum að ég held að flestir þeirra beri hag barna sinna fyrir brjósti.

Sumir hlutir eru þess eðlis að lög eru óþörf. Þannig er til að mynda ekki bannað með lögum að brjóta allt matarstellið sitt á mánudögum. Samt er lítið um að fólk stundi það í gríð og erg. Það er enginn lagabókstafur sem skipar þér að leika við barnið þitt, biðja bænirnar með því á kvöldin, kenna því að gæta sín í umferðinni, kyssa það og knúsa en við gerum það samt.

ÓSANNGJÖRN KRAFA - OF MIKIL FÓRN

Allir Íslendingar, innfæddir sem aðfluttir, eru hér vegna þess að þeir vilja hvergi annars staðar vera. Öllum þykir okkur vænt um landið okkar, tungu og menningu. En hætt er við að tilfinningarnar verði blendnar þegar "ástvinurinn" setur þér skilyrði á borð við; "ég skal endurgjalda ást þína ... ef þú bara afneitar forfeðrum þínum og fjölskyldu".

Ég skora því á Allsherjarnefnd að íhuga vel hvaða skilyrði hún setur þeim sem vilja búa hér og hvergi annars staðar; hvaða fórnir "ástvinirnir" verði að færa til að verðskulda að eiga hér heima.

Það er bjargföst trú mín að sjálfstæði þjóðarinnar standi styrkari fótum en svo að því stafi hætta af því að mannréttindi séu virt.

Með vinsemd og virðingu,



Inger Anna Aikman (kennit.; 240164-3029)

Kleppsvegi 126 (Sími: 568-7279)

104 REYKJAVÍK

DÁSAMLEG DÆMI UM DÓMA MANNANAFNANEFNDAR

DRENGUR MÁ HEITA:

Hagalín
 Bergmann
 Rósinkrans
 Berg
 Steinberg
 Sæberg
 Snæhólm
 Rafnar
 Hlíðar
 Hjörvar
 Thorberg (69/94)
 Kvaran (95/94)
 Aage
 Victor
 Richard
 Michael
 Ulrich
 Bent
 William
 Christian (92/94)
 Peter (177/93)

DRENGUR MÁ ALLS EKKI HEITA:

Hjaltalín
 Bachmann
 Rósinberg
 Strandberg
 Línberg
 Sædal
 Snæfell
 Hjartar
 Líndal
 Thorberg (134/92)
 Kvaran (15/93)
 Waage
 Húgó
 Sebastián
 John
 Ben
 Bert
 Robin
 Christian (81/92)
 Peter (feb.'92)

STÚLKA MÁ HEITA:

Polly

Nelly

Betty

Konný

Louise

Alice

Dúa

Día

Úndína (17/93)

Ruth (89/94)

Kassandra (10/91)

STÚLKA MÁ ALLS EKKI HEITA:

Molly

Sally

Hanný

Ólavía

Lúísa

Aþena

Siv

Súsana

Úndína (87/94)

Ruth (12/91)

Kassandra (87/94)



Hagstofa Íslands

Þjóðskrá

25. janúar 1995

Þjóðskrá hefur borist skírnarskýrsla frá séra Guðmundi Óskari Ólafssyni, vegna skírnar hans á dóttur Ingerar Önnu Aikman og Andra Þórs Gunnarssonar hinn 9. október 1994. Stúlkan var skírd Þórdís Þuríður Aikman.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um mannanöfn, nr. 37/1991 er Þjóðskrá óheimilt að skrá eigin nafnið Aikman að svo stöddu, þar sem það nafn er ekki á Mannanafnaskrá.

Með vísan til þessa og samkvæmt heimild í ofangreindri lagagrein er eigin nafninu Aikman hér með skotið til úrskurðar Mannanafnanefndar.

Skúli Guðmundsson
skrifstofustjóri

Mannanafnanefnd
Pósthólf 7049
127 Reykjavík

Afrit:
Guðmundur Óskar Ólafsson
Fornuströnd 7
170 Seltjarnarnes

Inger Anna Aikman og
Andri Þór Gunnarsson
Kleppsvegi 126
104 Reykjavík

Mannanafnanefnd
c/o Halldór Ármann Sigurðsson
Pósthólf 7049
127 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 1995

Ágætu nefndarmenn,

Með vísan til bréfs Skúla Guðmundssonar, skrifstofustjóra Þjóðskrár, dagsett 25. janúar s.l. vil ég hér með koma á framfæri rökum fyrir nafngift dóttur minnar svo og athugasemdum varðandi meðferð málsins til þessa.

Áður en lengra er haldið finnst mér engu að síður rétt að þakka þeirri nefnd, sem stóð að því frumvarpi til laga um mannanöfn, sem lagt var fyrir á Alþingi Íslendinga á síðasta þingi. Með því er stigið stórt skref í átt til aukinna mannréttinda og ber vott um víðsýni og virðingu nefndarinnar fyrir tilfinningum samborgara sinna; því óneitanlega er hér um afar viðkvæm tilfinningamál að ræða.

En - sem fyrr segir er þetta framfaraskref enn sem komið er einungis frumvarp til laga og því verður röksemdafærslan að miðast við núgildandi lög um mannanöfn.

Þann 4. júlí 1994 kom dóttir mín í heiminn og þar sem ég vissi að lögin kveða svo á að gefa verði barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess ákvað ég að láta bæði skíra hana og gefa henni nafn þann 9. október sama ár. Tilkynning um nafngiftina var send Þjóðskrá nokkru áður og þar sem engar athugasemdir bárust frá Hagstofunni var henni á fyrrgreindum degi gefið nafnið Þórdís Þuríður Aikman - og svo er hún að sjálfsögðu Andradóttir. Taldi ég að þetta stangaðist ekki á við lög og studdist þar við 9. grein laganna, þar sem segir í 2. mgr.: "Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg."

--- Síðan segir: "Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr."

--- Þarna skiptir orðið "þó" höfuðmáli. Í þessari mgr. tel ég felast heimild til að barn beri ættarnafn móður sinnar en kenni sig jafnframt við föður sinn (eða öfugt), því annars væri tilvísunin í 2. mgr. 9. gr. með öllu óþörf. Ef í setningunni felast engar undantekningar hefði verið nóg að hún hljóðaði svo: "Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn."

Með vísan til þessara orða í lögum um mannanöfn fer ég fram á að dóttir mín fái að bera það nafn sem henni hefur þegar verið gefið.

Til fróðleiks má geta þess að nafnið Aikman er samsett úr orðunum Aik, sem er forn orðmynd af orðinu eik - og Man sem þýðir á enskri tungu; maður, en á þeirri íslensku; stúlka (sbr. hið ljósa man). Nafnið Aikman þýðir því ýmist; maðurinn í eikarskóginum eða stúlkan í skóginum.

Víst má færa rök fyrir því að man er hvorugkyns orð og því ef til vill umdeilanlegt sem nafn á stúlku - þó svo orðið þýði hreinlega; kona. Hins vegar tel ég að það geti vart verið fyrirstaða fyrst heimilt er að gefa drengjum nöfn á borð við Eldjárn (sem er hvorugkyns orð - 92/1992) og Berg (sem einnig tilheyrir hvorugu kyni - 95/1993).

Að gefnu tilefni vil ég svo taka undir og fagna athugasemdum þeirrar nefndar sem stóð að hinu nýja frumvarpi til laga um mannanöfn, þar sem segir: "Algengt er að margir í sömu fjölskyldu beri sama millinafn og því tengist notkun þeirra mjög vitund fólks um uppruna sinn og tilfinningum þess í garð náinna ættingja. Reynslan sýnir að synjun slíkra nafna veldur þeim sem íhlut eiga oft miklu angri og vekur hörð viðbrögð þeirra. Stjórnvaldsáðgerð sem veldur borgurunum hugarangri getur að sjálfsögðu verið réttlætanleg þegar mikilvægir hagsmunir samfélagsins eru í húfi. Ekki verður séð að hagsmunir samfélagsins af því að banna millinöfn séu nægjanlega ríkir til þess að réttlæta slíkt bann."

--- Það er ekki ætlun mín að gerast of "persónuleg" í bréfi þessu, en engu að síður finn ég hjá mér hvöt til að benda á að fyrri lög um mannanöfn hafa valdið ómældum sársauka og tilfinningatogstreitu hjá föðurfjölskyldu minni, sem búsett er erlendis. Þegar faðir minn, John Aikman, gerðist íslenskur ríkisborgari var honum gert að taka upp íslenskt nafn. Faðir hans hét Andrew Aikman og því valdi pabbi, þá mjög ungur að árum, að bera nafnið Jón Karl Andrésson. Afi minn tók þetta nær sér en nokkur orð fá lýst og leit æ síðan svo á að elsti sonur hans hefði afneitað sér --- og það er, eins og þið vafalaust vitið, óbærilegt fyrir stoltan, breskan "sjentilmann".

Það kostaði pabba minn síðan margra ára baráttu að fá að vera hann sjálfur - sonur pabba síns - John Aikman. Næstu árin þar á eftir urðum við systkinin að berjast fyrir að fá að vera börnin hans en ekki börn einhvers Jóns, sem meira að segja mamma kannaðist ekki við. Nú eru hins vegar á Íslandi þrjár kynslóðir sem bera þetta ættarnafn.

Það er af virðingu fyrir uppruna Andra, föður Þórdísar, sem ég vil að hún fái að kenna sig við föður sinn - og það er af virðingu við baráttu pabba míns og minningu afa míns sem ég vil að hún fái að bera nafn mitt - og þeirra.

Með vinsemd og virðingu

Inger Anna Aikman

Með fullu samþykki og eindregnum stuðningi

Andri Þór Gunnarsson



Hagstofa Íslands
Þjóðskrá
Skuggasundi 3
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
9. febrúar 1995

Tilvísun
4/1995

Hér með sendist yður endurrit úr gerðabók mannanafnanefndar svohljóðandi:

„Mannanafnanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 7. febrúar 1995, kl. 17:15 í Árnagarði.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 4/1995.

Beiðni Hagstofu Íslands Þjóðskrár, dags. 25. jan. 1995, um kvenmannsnafnið Aikman.

Kveðinn var upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Kvenmannsnafnið Aikman er ekki íslenskt eiginnafrn og hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli og fullnægir því ekki skilyrðum 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni um kvenmannsnafnið Aikman er hafnað.”

F. h. mannanafnanefndar


Halldór Ármann Sigurðsson

Afrit:

Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson
Fornuströnd 7
170 SELTJARNARNES

Inger Anna Aikman og Andri Þór Gunnarsson
Kleppsvegi 126
104 REYKJAVÍK

HAGSTOFA ÍSLANDS
ÞJÓÐSKRÁ
C/O JÓHANNA GUÐBJÖRNSDÓTTIR

Reykjavík, 10. apríl 1995

Efni: Breyting á kenninafni í þjóðskrá

Hér með förum við fram á breytingu á kenninafni dóttur okkar Þórdísar Þuríðar Aikman Andradóttur; kennitala: 040794-2129.

Þar eð mannanafnanefnd hefur á grundvelli nógildandi laga um mannanöfn hafnað nafninu **Aikman** sem eiginnafni höfum við ákveðið að gera það að kenninafni dóttur okkar.

Dóttir okkar er nú þannig skráð í þjóðskrá: Þórdís Þuríður Andradóttir. Þessu viljum við breyta - þannig að hér eftir skráist hún þannig:
Þórdís Þuríður Aikman.

Það skal ítrekað að þessi breyting er gerð vegna nógildandi laga um mannanöfn og að foreldrar hefðu kosið að skráning í þjóðskrá yrði í samræmi við skráningu í kirkjubókum. Þeirri bón hefur verið hafnað af hálfu hins opinbera.

Í frumvarpi til laga um mannanöfn sem lagt var fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994 er hinsvegar gert ráð fyrir millinöfnum; þ.e. að menn (og konur) megi bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn (4. mgr. 7. gr.). Hverfi Alþingi frá þröngsýni fortíðarinnar og ákveði að virða sjálfstöð mannréttindi og þessi breyting á lögum um mannanöfn taki gildi áskiljum við okkur rétt til að gera breytingu á nafni Þórdísar svo hún megi bera það nafn sem henni var gefið þann 9. október 1994.

Verði hinsvegar engar breytingar á lögum um mannanöfn áskiljum við okkur engu að síður rétt til að breyta kenninafni hennar á ný; sé það hennar ósk að kenna sig til föður síns (sbr. 16. gr. nógildandi laga um mannanöfn).

En þar sem valdhafar telja enn að sjálfstæði þjóðarinnar standi á þeim brauðfótum að það sé í bráðri hættu fái fólk að gefa börnum sínum nöfn að eigin vali höfum við ákveðið að virða "vald" hins opinbera og halda okkur innan ramma laganna; kenna dóttur okkar við móður sína (sbr. 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga um mannanöfn).

Þessu erindi er hér með komið til skila í von um að með vaxandi víðsýni og auknu sjálfstrausti þjóðarinnar fái Þórdís Puríður Aikman einnig að kenna sig við föður sinn og vera Andradóttir.

Bestu kveðjur,

Inger Anna Aikman
kennitala: 240164-3029
sími: 5687279

Andri Þór Gunnarsson
kennitala: 100663-5549
sími: 5687279/5686322 (vs)